



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Ísafirði 18. maí 2016

Ályktun um breytingar á kostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Vestfirðinga haldinn 18. maí 2016, gerir alvarlegar athugasemdir við boðaðar breytingar um kostnaðarþátttöku í heilbrigðiskerfinu. Ljóst er að breytingarnar eru eingöngu fjármagnaðar með aukinni kostnaðarþátttöku allflestra notenda heilbrigðisþjónustunnar. Ekki er verið að bæta fjármunum inn í greiðsluþátttökukerfið, heldur eingöngu verið að færa kostnað á milli notenda heilbrigðisþjónustu. Slíkum vinnubrögðum mótmælir aðalfundur félagsins harðlega.

Aðalfundur Verk Vest bendir á þá staðreynd að í dag neita um 6% almennra notenda sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu eða um 7300 manns. Verði breytingarnar að veruleika má gera ráð fyrir að um 10.000 manns muni því ekki sækja sér lífsnauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Í þeim hópi er helst að finna láglaunafólk, eldri borgara og öryrkja. Sá hópur getur sannarlega ekki tekið á sig boðaðann kostnaðarauka þegar tekjur duga þeim vart til framfærslu.